

Því dæmist rjett að vera:

Ef áfrýjandi, Egilsson, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi fengið jakka til útsölu frá hinum stefnda árið 1879, er hann ljet Símon kaupmann Johnsen fá til kaups, á hann að vera sýkn af kærur og kröfum hins stefnda, Elisens, í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, á hann að greiða hinum stefnda 44 kr. 25 auru með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júnímán.

Nr. 12/1886

Hið opinbera

gegn

Th. J. Skylv.

D ó m u r :

Með dómi gengnum í lögreglurjetti Sudurmúlasýslu 20. sept. 1884 var skipstjóri Th. J. Skylv fyrir brot gegn fiskiveidasamþykkt Norðfjarðar, dagsettri 15. septbr. 1880, dæmdur til þess að greiða 40 kr. sekt og málskostnað eptir reikningi. Þessum dómi hefur

verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hendi hins kærða og hins opinbera.

Hinn kærði, Th. J. Skylv, er bæði með eigin játningu og á annan hátt orðinn uppvis að því, að hafa látið fleygja höfðum og slógi af fiski þeim, er hann aflaði á opnum bátum á Norðfirði sumarið 1881, út í sjó. — Þetta athæfi hans er brot á 3. gr. í fiskiveiðasamþykkt fyrir Norðfjörð, dags. 15. septbr. 1880, er náði gildi 1. apríl 1881, og sem honum, er leggur skipi sínu rjett við land, og veiðir frá því á bátum, er skylt að hlýta, og virðist hegning sú, sem hjeraðsdómarinn hefur dæmt hann í samkvæmt 7. gr. laga 14. desbr. 1877, hæfilega metin 40 kr.; svo fellst yfirdómurinn og á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, og ber því að öllu leyti að staðfesta hann. Hinn kærði á einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við landsyfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hinn kærði, skipstjóri Th. J. Skylv, á að greiða allan af áfrýjun þessa máls löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málfutningsmannanna Fr. Siemsens og Sigurðar Þórðarsonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlímán.

Nr. 40/1885

Rjettvísinn  
gegn  
Skúla Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar á Ísafirði 29. janúar 1885 var hinn ákærði, Skúli Jónsson, fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga, svo og til að greiða málskostnað, og er með eigin játningu hans og öðrum atvikum sannað, að hinn ákærði haustið 1884 hefur stolið skinnbrók, sem hjekk á bátshnifi, ennfremur úr ólæstri skrinu úr sama bát um einu pundi af kaffi og öðru af sykri, 2 potta kút með litliræði af brennivini í og 3 pela flösku með rommi, og hafa hinir stolnu munir verið virtir á 10 kr. 75 aura. Loks hefur hinn ákærði játað, að hann úr læstri skrinu, er þó hrökk upp, þá er hann tók í hespu þá, sem var við læsinguna, hafi tekið poka með rúmlega 1 pundi af sykri, loklausa öskju með feitmeti í, en muni þessa kveðst hann deginum eptir hafa látið í bátinn aptur á sama stað, þar hann var hræddur um, að þjófnaðurinn mundi komast upp.

Brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur fyrr sætt hegningu, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230., sbr. 63. gr.